



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 28. október 2021

Félagaskiptatímabil 2022

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ þann 26. október sl., samþykkti stjórn, í samræmi við ákvæði 10.1.2 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, þau tvö tímabil innan keppnistímabilsins 2022 þar sem félagaskipti leikmanna á milli félaga eru heimil.

Samþykkt hefur verið að á árinu **2022** verði félagaskipti heimil frá **17. febrúar til 11. maí** annars vegar og **29. júní til 26. júlí** hins vegar.

Tímabundin félagaskipti:

Hvað varðar tímabundin félagaskipti nýliðins keppnistímabils er rétt að geta þess að sá háttur hefur verið hafður á tímabundnum félagaskiptum að leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti fær útgefið keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju eftir lok keppnistímabils. Samkvæmt því fengu umræddir leikmenn útgefið keppnisleyfi á ný með samningsfélögum sínum þann 16. október sl.

Keppnisleyfi viðkomandi leikmanna taka þó ekki gildi fyrr en við upphaf næsta félagaskiptatímabils / félagaskiptaglugga, þ.e. þann 17. febrúar 2022. Um er ræða samningsbundna leikmenn sem er ekki heimilt að skipta á milli félaga nema á félagaskiptatímabilum (opnum félagaskiptaglugga). Það hefur þó ekki áhrif á heimild þeirra leikmanna til að taka þátt í undirbúningsmótum með samningsfélagi sínu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út, sbr. grein 3.5 í ofangreindri reglugerð.

Grein 3.5 er svohljóðandi: Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem gefið er út að loknu keppnistímabili og tekur gildi við upphaf næsta félagaskiptatímabils hefur heimild til að taka þátt í héraðsmótum, Íslandsmóti innanhúss (Futsal) og deildarbikarkeppni KSÍ (Lengjubikarnum) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.

Félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna yngri flokka:

Líkt og greinir í ákvæði 10.1.3 í ofangreindri reglugerð KSÍ eru félagaskipti ekki heimil á öðrum tímabilum en greinir hér að ofan nema fyrir ósamningsbundna leikmenn í yngri aldursflokkum (innanlands og á milli landa). Félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna yngri aldursflokka eru þó óheimil frá lokum síðara félagaskiptatímabils ár hvert og fram til loka mótahalds KSÍ í yngri aldursflokkum sama ár. Leikmönnum í 4. aldursflokki eða yngri skal þó heimilt að hafa félagaskipti að loknu Íslandsmóti í þessum flokkum, sbr. ákvæði 10.1.4.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Kolbrún Arnardóttir

Kolbrún Arnardóttir,
lögfræðingur hjá KSÍ